

# Drekadansinn





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# Drekadansinn

ISBN 978-9979-0-2543-6

© 2009 Gerður Kristný Guðjónsdóttir

© 2009 Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2009

önnur prentun 2017

þriðja prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Gerður Kristný

# DREKADANSINN



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir  
teiknaði myndirnar



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Nýr strákur í skólanum


Það er kominn nýr strákur í bekkinn hennar Tinnu. Hann heitir Xu og kemur alla leið frá Kína.

– Xu hefur búið á Íslandi í tvö ár. Hann kann því svolítið í íslensku. Vonandi lærir hann enn meira í bekknum okkar, segir Elín kennari.

Hún skrifar nafnið hans á töfluna og allir æfa sig í að segja það. Nafnið er borið fram Su.

Elín sýnir krökkunum líka hvar Kína er á landakorti. Þetta er stórt land og fjarska langt í burtu.

Tinna verður glöð þegar Elín biður Xu að fá sér sæti við hliðina á henni.





Xu á tvo fallega blýanta  
með dúskum.

Hann réttir Tinnu annan.

– Þú mátt eiga hann, segir hann.

– Á mánudaginn er bolludagur.

Munið eftir að koma með bollur,  
segir Elín í lok dagsins.

Góða helgi!





## Allir baka bollur

Tinna er að læra heima þegar  
Einar bróðir hennar birtist.

- Mikið áttu fallegan blýant, segir hann.
- Hann er frá Kína, svarar Tinna.
- Kína? Ég hélt að þú hefðir bara verið í skólanum í morgun, segir Einar.

Tinna hlær og segir Einari  
frá nýja stráknum.





– Hann heitir Xu, segir hún  
og það var hann  
sem gaf mér blýantinn.

Þessa helgi bakar öll fjölskyldan  
saman bollur. Þau skreyta þær með  
súkkulaði og setja á þær bæði sultu  
og rjóma.

– Þetta eru dásamlegar bollur,  
segir pabbi með fullan munninn.  
Tinna, Einar og mamma kinka kolli.  
Þetta eru örugglega bestu bollur  
sem þau hafa bakað.



Hvernig bollur finnst þér bestar?


## Tinna gefur Xu bollu



Allir krakkarnir hafa komið með bollur í skólann nema Xu. Hann horfir forvitinn á góðgætið sem birtist upp úr skólatöskunum.  
– Ég vissi ekki hvernig bollur átti að koma með, segir Xu.



– Það er allt í lagi. Ég kom með tvær. Þú mátt fá hjá mér, segir Tinna. Hún réttir Xu nestisboxið sitt og hann fær sér aðra bolluna.







Tinna bíður spennt eftir því að sjá  
hvernig honum finnst bollan  
og verður glöð þegar hann  
hámar hana í sig.

– Það eru fleiri til heima, segir Tinna.  
Þegar skólinn er búinn  
býður hún honum með sér heim.



## Einar hittir Xu

- Halló, segir Einar við Xu.
- Það er gott að þú skulir hafa komið heim með Tinnu. Við þurfum hjálp við að borða allar bollurnar sem við bökuðum.

Þau setjast öll þrjú inn í eldhús og fá sér í gogginn.

- Á morgun er sprengidagur, segir Einar við Xu. Þá eigum við að borða þangað til okkur líður eins og við séum að springa.

- Úff, mér líður þannig núna, segir Xu og heldur um magann.



– Á miðvikudaginn er síðan sjálfur  
öskudagur, segir Tinna. Þá hengjum við  
öskupoka hvert á annað  
og förum í búninga.



– Í hvernig búninga ætlið þið? spyr Xu.  
– Kannski verð ég bakari eða  
indíáni eða dreki, svarar Einar hugsí.  
– Ég vil vera norn, segir Tinna ákveðin.

Xu veit líka alveg upp á hár hvað hann  
langar mest til að vera.





## Allir í búningum

Eldsnemma á öskudagsmorgun birtist ógnvænlegur sjóræningi heima hjá Einari og Tinnu.

– Góðan daginn, landkrabbi, segir sjóræninginn þegar pabbi opnar fyrir honum.

– Halló, segir pabbi hissa. Klóhildur norn og Fjörugi fálki skella upp úr.

– Ég vildi óska að ég þyrfti ekki að fara í vinnuna og gæti sprellað með ykkur í allan dag, segir pabbi.

Klóbildur lagar hattinn sinn og grípur skólatöskuna sína.

– Við megum ekki verða of sein! segir hún.

Svo þjóta krakkarnir af stað.

Af hverju langaði pabba ekki í vinnuna?



## Skal gert, skipstjóri!

Annar eins flokkur hefur aldrei sést á skólavellinum. Þar er komið ljón, víkingur með sverð á lofti og svo er þar tvíhöfða risi og að minnsta kosti þrír sjóræningjar. Þeir dást allir að flottu buxunum hans Xu. – Mamma saumaði þær, segir Xu stoltur. Og pabbi bjó til hattinn.

Sjóræningjarnir skylmast og hrópa:  
– Land fyrir stafni!






Elínu bregður í brún þegar hún  
lítur yfir hópinn.

– Fjórir sjóræningjar! segir hún.  
Þið gætuð mannað heilt skip.  
Farið nú inn í stofu eða ég læt  
ykkur ganga plankann.

– Skal gert, skipstjóri!  
segja sjóræningjarnir  
og halda stilltir inn.

Hvað merkir að ganga plankann?





## Veisla heima hjá Xu

Eftir skemmtilegan skóladag kemur Xu til Einars og Tinnu og spyr:

- Viljið þið koma heim með mér?
- Endilega, segja systkinin.

Á leiðinni mæta þau froski, geimfara og álfamey.

Pabbi og mamma Xu eru samt bara í venjulegum fötum. Þau bjóða Einar og Tinnu hjartanlega velkomin. Í stofunni hafa ýmsar kræsingar verið lagðar á borð.

- Er veisla? spyr Tinna forvitin.
- Já, í dag er luktarhátíðin. Á miðnætti byrjar nýtt ár, segir Xu.
- Það getur ekki verið. Það er komið fram í febrúar, segir Einar.
- Í Kína byrja áramótin með nýju tungli í lok janúar eða febrúar, segir Xu. Ár músarinnar er liðið. Á miðnætti rennur ár nautsins upp. Þess vegna höldum við hátíð!

Hvenær eru áramótin í Kína?







## Engin hnífapör

Það er ekkert jafnskemmtilegt og að halda hátíð. Pabbi og mamma Xu bjóða Einari og Tinnu að fá sér alls kyns spennandi rétti sem krakkarnir hafa aldrei smakkað áður.

Xu sýnir þeim hvernig á að borða með prjónum. Mamma Xu hlær bara þegar Einar missir bollu svo hún rúllar undir borð.





– Í Kína gleðst öll fjölskyldan saman þegar nýárið byrjar, segir mamma Xu. Fjölskylda okkar býr í Kína. Þið komið bara í staðinn fyrir hana.

Og pabbi Xu segir að í Kína sprengi fólk rakettur á áramótunum alveg eins og á Íslandi.

– Síðan gefur gamla fólknið börnunum peninga, segir hann.

## Fleiri gestir bætast við

Dyrabjöllunni er hringt og Xu þýtur til dyra. Pabbi og mamma Tinnu og Einars eru komin.

– Halló, okkur datt í hug að þið væruð hér, segir mamma.

– Komið inn, segir Xu og fáíð ykkur að borða.

Mamma og pabbi þiggja það með þökkum.





Xu útskýrir hvers vegna nýja árið er ár nautsins.

– Kínverska árið er nefnt eftir tólf dýrum, segir hann. Þau fóru í kapphlaup til að skera úr um í hvaða röð þau ættu að vera.

Músin varð fyrst, þá kom nautið og síðan tígrisdýrið, hérinn, drekinn, snákurinn, hesturinn, geitin, apinn, haninn, hundurinn og loks svínið.

Eftir hverju er kínverska árið nefnt?



## Luktarhátíðin er hafin

– Ég hef hlakkað til luktarhátíðarinnar í margar vikur, segir Xu. Það besta er nefnilega eftir því nú förum við í drekadans!

Tinnu svelgist á matnum.

– En spennandi! segir hún hrifin. Ég vona að það sé ekkert hættulegt.


– Viljið þið ekki öll koma með? spyr mamma Xu. Hún lítur spyrjandi á foreldra Einars og Tinnu.

– Auðvitað! svara þau þótt þau viti enn ekkert hvað drekadans er.

Þau ljúka við matinn og drífa sig síðan ofan í bæ. Þar hefur fjöldi manns safnast saman. Þetta eru Kínverjar og íslenskir vinir þeirra.











## Drekinn vaknar

Allir hafa safnast saman í eina fylkingu. Fyrir henni fer mikill dreki með gapandi gin. Sumir berja bumbur en aðrir hafa haft með sér pottlok að berja á.

– Öll þessi læti eiga að fæla burt  
vonda anda, hrópar Xu í gegnum lætin.

Hersingin heldur af stað með  
drekann í broddi fylkingar.  
Glaðbeittur dansar hann og hlykkist  
um götur og torg.





## Minnst tíu skrúðgöngur á ári

– Það er ótrúlega gaman að eiga vin frá Kína, segir Einar við Tinnu og Xu. Þá fær maður að halda svo margar hátíðir.

– Við ættum að reyna að eignast vini frá öllum heiminum. Þá getum við kannski haldið hátíð á hverjum degi, segir Tinna og Xu er alveg sammála.

Þau eru svo glöð að hjartað í þeim slær eins og þar hafi lítill kátur dreki hreiðrað um sig.



## Til kennara og foreldra!

*Drekadansinn* er sjálfstætt framhald af bókunum *Vinir Afríku* og *Græni gaukurinn* sem fjalla allar um systkinin Einar og Tinnu. Þær eru í Smábókaflokki Menntamálastofnunar. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða barna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu og lögð áhersla á að sögurnar höfði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímigáfu lesenda.

### Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða myndirnar vel og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv. Minnst nemendur þess að hafa lesið bók um sömu krakka?

### Umræðuefni heima og í skólanum

**Merkisdagar.** Hvers vegna eru dagarnir kallaðir bolludagur, sprengidagur og öskudagur? Hvað er sérstakt við hvern dag? Hvað gera börnin á þessum dögum? Hvaða fleiri merkisdaga/hátíðisdaga þekkja börnin?

**Margbreytileiki siða.** Hvers vegna ætli menn haldi hátíðir? Halda allir hátíðir á sama hátt? Þekkja börnin hátíðir í öðrum löndum? Eigum við hátíð sem minnr á luktarhátíð Kinverja?

**Fjölmenningarlegur heimur.** Hafa börnin reynslu af að alast upp annars staðar en á Íslandi? Þekkja börnin siði eða venjur sem við höfum lært af útlendingum sem hingað hafa flust?

### Frásögn og ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért komin í skóla þar sem þú kannt ekki tungumálið. Hvernig myndir þú reyna að gera þig skiljanlega(n)? Skrifaðu þrjú atriði á blað.
- Teiknaðu hring á blað og skrifaðu orðið Kína inn í hringinn. Skrifaðu eða teiknaðu svo allt sem þú veist um landið og fólkíð þar í kringum hringinn.
- Skiptu blaði í tvo dálka. Í annan dálkinn skaltu skrifa það sem er gert um áramót á Íslandi og í hinn það sem gert er um áramótin í Kína.
- Segðu vini eða vinkonu um hvað sagan er. Þú skalt undirbúa þig vel og hugsa um hvað þú ætlar að segja fyrst, hvað næst og hvernig þú ætlar að enda frásögnina.

SMÁBÓK

# Drekadansinn

Það er kominn nýr strákur  
í bekkinn hennar Tinnu.  
Hann heitir Xu og er frá Kína.  
Tinnu og Einari bróður hennar  
finnst gaman að eignast nýjan vin.

Lestu um það  
sem þau gera saman.

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru ætlaðar börnum sem eru að æfa lestur.  
Á vefsíðu stofnunarinnar má finna verkefni með sögunni.

Höfundur texta er Gerður Kristný.  
Myndir teiknaði Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.



m

MENNTAMÁLASTOFNUN

40284